

Skýrsla stjórnarformanns 2012

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 1. mars 2012 hefur stjórn SAM haldið fimm bókaða fundi.

Meðal verkefna sem stjórn SAM hefur unnið að frá síðasta aðalfundi var skipan fulltrúa í Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins, en skipuð voru fyrir hönd SAM þau Pálmi Vilhjálmsson og Guðrún Sigurjónsdóttir og til vara Einar Sigurðsson.

Þá var skipað í Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins, en af hálfu SAM voru skipaðir Guðni Ágústsson, Björn S. Gunnarsson og Baldur Jónsson og af hálfu LK var Baldur H. Benjamínsson skipaður í nefndina. Stjórn SAM tilnefndi Jón Axel Pétursson sem fulltrúa sinn á aðalfund IDF sem haldin var í Höfðaborg í Suður Afríku í október 2012. Einnig sat Bjarni Ragnar Brynjólfsson skrifstofustjóri SAM og ritari IDF á Íslandi fundinn.

SAM gerði tillögu um greiðslumark mjólkur verðlagsárið 2013 og fjallaði um mjólkuruppgjör ársins 2012.

Auk ofangreindra verkefna var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurvara.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2012

Mjólkurframleiðsla jókst á árinu 2012 og var 125,1 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2011 var framleiðslan 124,5 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun mjólkurinnleggjenda 2012 var 187.265 lítrar og jókst um 4.036 lítra á árinu. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 668 og hafði fækkað um þrettán á árinu.

Greiðslumark verðlagsársins 2012 var 114,5 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á mótí 125.092.988 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 10.659.990 lítrar.

Greiðslumark verðlagsársins 2013 hefur verið ákveðið samkvæmt tillögu SAM 116 milljónir lítra. Allt frá verðlagsárinu 2008 – 2009 hefur greiðslumark dregist saman milli ára og er því ánægjulegt að þróun í sölu mjólkurafurða innanlands gefur nú tilefni til að auka greiðslumarkið í fyrsta sinn í nokkurn tíma.

Sala mjólkurvara árið 2012 verður að teljast góð og varð aukning í sölu bæði á próteingrunni og fitugrunni. Umreiknuð sala á próteingrunni nam um 115,5 milljónum lítra sem var aukning um 1,8 milljónir lítra frá síðasta ári. Umreiknuð sala á fitugrunni var um 114,1 milljónir lítra, sem var aukning um 2,6 milljónir lítra frá fyrra ári. Sala á fitugrunni árið 2011 var því 1,3 milljónum lítra undir sölu á próteingrunni og minnkaði munurinn um 0,9 milljónir lítra á árinu. Vænta má þess að sala á fitu og próteini verði nokkurn veginn í jafnvægi á árinu 2013 verði þróunin með sama hætti og verið hefur.

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 26,9 tonn á milli ára. Aukningin var mest í innflutningi á ostum en einnig nokkur í innflutningi á jógúrt. Innflutningurinn á árinu 2012 samsvarar um 220.000 lítrum af mjólk á próteingrunni og um 160.000 lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða jókst talsvert á árinu 2012 eða um 22,9 %. Mest var aukningin í útflutningi á ostum og skyri. Útflutningur á skyri jókst um 34,8% á árinu og var 522 tonn. Þá jókst útflutningur á osti úr 133 tonnum í 348 tonn á árinu.

FRAMLEIÐENDAPJÓNUSTA

Framleiðendapjónusta við mjólkurframleiðendur er rekin hjá SAM. Hjá framleiðendapjónustunni starfa þrír mjólkureftirlitsmenn. Starfsemi þjónustunnar var með svipuðu sniði árið 2012 og verið hefur. Á síðustu vikum starfsársins var sett á stað vinna með það að markmiði að efla og styrkja framleiðendapjónustuna og er að vænta niðurstöðu þeirrar vinnu á árinu 2013.

RANNSÓKNARSTOFA SAM

Á árinu 2012 fjárfesti SAM í nýjum tækjum til greiningar á jógurbólgugerlum í mjólk. Um er að ræða tæki sem tegundargreina jógurbólgugerla út frá erfðatækni. Þessi greiningaraðferð hefur verið notuð um nokkurra ára skeið í nágrannalöndum okkar og hefur gefið góða raun. Tæknin er mun nákvæmari og hraðvirkari en hefðbundin ræktun í skálum. Vonir standa til að þessi fjárfesting muni nýtast mjólkurframleiðendum við að bæta jógurheilbrigði og þar með mjólkurgæði.

Rekstur rannsóknarstofu gekk að öðru leyti fram með hefðbundnum hætti á árinu og vísast þar um síðar í ársskýrsluna.

Febrúar 2013

Jóhannes Ævar Jónsson stjórnarformaður